



Nefndarsvið Alþingis
b.t. Samgöngunefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. janúar 2007, þar sem þess er farið á leit við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að veitt verði umsögn vegna meðferðar frumvarps til umferðarlaga, 388. mál, ökuskírteini, hert viðurlög. Þá óskar nefndin jafnframt eftir umsögn vegna frumvarps til umferðarlaga, 381. máls, bílpróf 18 ára, sbr. erindi sama dag. Verður fyrst veitt umsögn um fyrrnefnda frumvarpið.

Um 1.gr.

Engar athugasemdir.

Um 2.gr.

Engar athugasemdir.

Um 3.gr.

Engar athugasemdir.

Um 4.gr.

Gerðar eru athugasemdir við ákvæðið. Áratugalöng venja er fyrir þeirri réttarframkvæmd að dómara meti sektarviðurlög þar sem sleppir ákvæðum reglugerðar um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Ákvæðið eins og það er úr garði gert samrýmist að þessu leyti illa meginreglu um forræði hans á mati á viðurlögum. Embættið telur það betri kost að virða svigrúm dómara við sjálfstæða ákvarðanatöku við ákvörðun viðurlaga og að óþarft sé að kveða sérstaklega á um ákvörðun sekta mun hærrí en ella að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvæðinu, enda dómara fullfærir um mat á viðurlögum og réttindasviptingu. Þá má bæta því við að vegna mála þar sem fjallað er um ofsaakstur, kann að vera ástæða til að ákæra ökumann jafnhliða fyrir brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, og því enn ríkari ástæða en ella til að veita dómara svigrúm við mat á refsingu og réttindasviptingu.

Um 5.gr.

Embættið styður áform og markmið umferðaröryggisáætlunar samgönguyfirvalda en vísar jafnframt til sjónarmiða sem rakin eru hér að ofan varðandi 4.gr. og sjálfstætt mat dómara á refsikenndum viðurlögum.

Um 6.gr.

Lögreglustjórar og handhafar ákærvalds afgreiða fjölda opinberra mála á ári hverju í formi lögreglustjórasátta eða við ákærumeðferð fyrir dómi þar sem ökumenn með bráðabirgðaskírteini eru sviptir ökurétti í 3 mánuði á grundvelli punktastöðu í ökuferilsskrá. Á það má benda að lækkun á þeim punktafjölda gagnvart ökumanni með bráðabirgðaskírteini, sem sviptur er ökurétti í 3 mánuði vegna uppsafnaðra punkta í ökuferilsskrá, úr 7 punktum í 4, myndi að líkindum ná sama markmiði og að virðist stefnt með ákvæðinu. Þá gerir 1.gr. frumvarpsins það að verkum að önnur mikilvæg úrræði hrökkva til í viðleytni um bætta hegðun ungra ökumanna í umferðinni og í baráttu gegn umferðarslysum, s.s. frestun á útgáfu fullnaðarskírteinis, ákvæði gildandi reglna um akstursmat, og möguleikar á að takmarka ökuréttindi samkvæmt ökuskrírteini með þeim hætti sem lagt er til skv. 1.gr. frumvarpsins, s.s. með heimild til að stjórna ökutækjum á tilteknum tímum sólarhrings og með takmörkunum á afli hreyfils ökutækis. Þá má einnig nefna þætti ökunáms og ökukennslu og ákvæði um æfingaakstur ungra ökumanna. Þá samrýmist ákvæði 6.gr. um akstursbann illa gildandi ákvæðum samkvæmt umferðarlögum og reglugerð um ökuskrírteini, sem ganga út frá því að annað hvort sé um að ræða sviptingu ökuréttar eða ákvörðun um afturköllun ökuréttinda. Samkvæmt VII. kafla reglugerðar um ökuskrírteini hefur lögreglustjóri nú þegar margvíslegar og fullnægjandi heimildir til afturköllunar ökuréttinda. Að sama skapi eru gerðar athugasemdir við niðurlag 6.gr., um að ákvörðun um akstursbann megi bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og að lögreglustjóri skuli leiðbeina byrjanda um þann rétt þegar ákvörðun er birt. Alls óvíst er um þá framkvæmd og málsmeðferð sem hér er verið að leggja til, aðkomu lögreglu að því að móta nýtt verklag til framtíðar í þessum efnum, og óvíst með öllu á hvaða grundvelli einstaklingur getur kært ákvörðun lögreglustjóra um akstursbann og um varnaraðild lögreglustjóra í slíkum málum. Þrátt fyrir síðastnefnd atriði er lögreglustjóra ætlað lykilhlutverk við meðferð mála. Þá er óljóst með öllu hvernig með fari þann kostnað sem óhjákvæmilega fylgir meðferð opinberra mála, óljóst um umfang slíkra mála og fjölda þeirra. Bent er á núgildandi heimildir lögreglustjóra til að afturkalla ökuréttindi og möguleika lögreglustjóra á að vísa viðkomandi í hæfnispróf, sbr. VII. kafli reglugerðar um ökuskrírteini. Þær ákvarðanir eru kærnanlegar stjórnvaldsákvarðanir og um er að ræða skilvirk stjórnsýsluúrræði við meðferð mála og ekki eins kostnaðarsama leið og gerist og gengur vegna dómsmeðferðar mála.

Um 7.gr.

Gerðar eru athugasemdir við ákvæðið eins og það er úr garði gert. Í fyrstu skal vísað til 69.gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákvæðið er almennt ákvæði íslenskrar refsilöggjafar um eignaupptöku. Að þessu leyti gerir íslenskt sakamálaréttarfar ráð fyrir því að hlutir, munir, ávinningur o.fl., séu gerðir upptækir með dómi. Eingöngu dómstólar kveða á um upptöku en lögregla hefur hins vegar lagaheimildir til haldlagningar muna og ávinnings samkvæmt lögum um meðferð

opinberra mála og ákvæðum lögreglulaga til þess að tryggja upptöku. Eins og ákvæði 7.gr. er sett fram er um verulega íþyngjandi ráðstöfun að ræða, auk þess sem nefna má að ökutæki kann að vera í eigu fleiri en eins aðila og þeirri spurningu er ósvarað hvernig staðið verði að framkvæmd og meðferð mála við sölu ökutækis á uppboði ef ökutæki er í sameign tveggja eða fleiri aðila. Þá felur ákvæði 7.gr. í sér nýmæli og frávik frá meginreglu 69.gr. hegningarlaga, þar sem veitt er heimild samkvæmt ákvæðinu til eignaupptöku munar sem á engan hátt tengist hinni refsiverðu háttsemi og má velta því upp hvort ákvæði 7.gr. eins og það er úr garði gert, geti samrýmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þá kemur upptaka á ökutæki í eigu viðkomandi ökumanns og eftirfarandi sala þess eða sala á eignarhluta ökumanns, ekki í veg fyrir það að viðkomandi ökumaður festi einfaldlega kaup á annarri bifreið enda ekkert sem bannar slík kaup. Enn fremur er vísað til þess að ákvæðið kann að brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem upptaka ökutækja mun koma misjafnlega niður á fólki út frá efnahag þess og tilviljun ein hvernig sú refsiframkvæmd sem hér er lögð til muni koma niður á fólki með tilliti til eignasamsetningar þess. Þá má vísa til þess að sektir vegna umferðarlagabrota hér á landi taka ekki mið af efnahag fólks líkt og gerist og gengur víða í öðrum ríkjum. Með ákvæði 7.gr. er boðið upp á mismunandi framkvæmd að þessu leyti, að því er varðar sektir annars vegar og eignaupptöku hins vegar. Þá er mörgum spurningum ósvarað um framkvæmd þessara mála að því er varðar geymslu ökutækja og þann kostnað sem til fellur vegna þessa, aðstöðu og umfang þeirrar geymslu.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið, sbr. 388. mál.

Reykjavík, 7. febrúar 2007

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson,
lögfræðingur yfirstjórnar